

Fundur stjórnar FMR 26. ágúst 2021 kl. 17:00-18:00

Fjarfundur.

Mætt: Áslaug Kristjánsdóttir, Bryndís Kristjánsdóttir, Gylfi Magnússon, Katrín Heiðar og Sigríður Hermannsdóttir.

Fundur byrjaði með því að Elísabet Siemsen, rektor MR, fór yfir stöðu skólahalds við upphaf skólaárs. Kom fram hjá henni að ánægja væri hjá nemendum að mæta aftur í skólann. Stæðu vonir til að minni röskun yrði á skólahaldi vegna kórónuveirufaraldurs en á síðasta skólaári. Félagslíf nemenda myndi þó enn vera einhverjum takmörkunum háð a.m.k. um sinn vegna samkomutakmarkana. María Björk væri hætt að sinna félagsmálum nemenda en í hennar stað væri kominn Arnór Bjarki. Sóley Benediktsdóttir mun sinna forvörnum.

Rektor sagði að síðsumars hefði komið í ljós að húsnæði Casa Christi væri óhæft til kennslu vegna raka og myglu. Sökum þessa hefði þurft að nýta allt húsnæði undir kennslustofur, þ. á m. íþróttahúsið, Íþöku og hátíðarsal skólans. Verið væri að vinna að annarri lausn til bráðabirgða fyrir skólann með þar til bærum aðilum. Af hálfu skólastjórnenda væri krafa um að húsnæðið væri ekki lengra frá aðalbyggingu MR en í 5 mín. göngufjarlægð. Standa vonir til að húsnæði til bráðabirgða verði komið í notkun eftir 2 – 3 mán. Mun rektor senda bréf til foreldra um þessa stöðu síðar í dag.

Niðurstaða úr ytra mati mati sem framkvæmt var á skólanum fyrr vor liggur fyrir. Að sögn rektors kom það ágætlega út. Matið er hægt að nálgast á vefsíðu menntamálastofnunar.

Rektor greindi frá því að verið væri að kanna möguleikann á að fá sálfræðing í hlutastarf á mótí hjúkrunarfræðingi sem nú er starfandi í hlutastarfi. Voru fundarmenn sammála um mikilvægi þess að nemendur hefðu aðgang að slíkri þjónustu.

Skólinn mun halda kynningu fyrir foreldra nýnema á næstunni. Að sögn rektors hefur form hans ekki verið ákveðið. Gert er ráð fyrir að foreldrafélagið kynni starfsemi félagsins samhliða.

Úr stjórn foreldrafélagsins fyrir komandi skólaár víkja Geirprúður Alfreðsdóttir, Erlendur Svavarsson og Bryndís Kristjánsdóttir. Eru þeim færð þakkir stjórnar fyrir góð störf. Til áframhaldandi stjórnarsetu gefa kost á sér Áslaug Kristjánsdóttir, Gylfi Magnússon, Gylfi Zoega, Katrín Heiðar, Sigríður Hermannsdóttir og Thor Aspelund. Samkvæmt samþykktum félagsins skal boða til aðalfundar í septembermánuði. Þarf að boða til þess fundar á næstunni og ennfremur óska eftir framboðum foreldra til stjórnarsetu. Þá þarf að huga að því hvort salur fái til fundarsetu eða boðað til fjarfundar.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir.

Fundargerð ritaði Bryndís Kristjánsdóttir